

---


**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á  
sveitastjórnarfundi nr. 238,  
dags: 12. október 2023**





Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 655 íbúar mv. 2. október sl. og hefur fækkað um 2 íbúa þar með frá því 1. janúar sl.

Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlunargerð fyrir árin 2024 til 2027 er í fullum gangi. Fulltrúar Dalabyggðar sátu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem fram fór 21. og 22. september sl. þar sem málin voru krufin á ýmsan máta. Búið er að fara yfir stöðu mála með nefndum sveitarfélagsins og forráðamönnum stofnana og einstakra málaflokka. Fyrri umræða um fjárhags- og framkvæmdaáætlun árána 2024 til 2027 fer svo fram á næsta fundi sveitarstjórnar þann 9. nóvember og í kjölfar þess fundar verður fjárhags- og framkvæmdaáætlun kynnt á opnum íbúafundi.




**The Dalai Lama, when asked what surprised him most about humanity, answered:**

"Man. Because he sacrifices his health in order to make money. Then he sacrifices money to recuperate his health. And then he is so anxious about the future that he does not enjoy the present; the result being that he does not live in the present or the future: he lives as if he is never going to die, then dies having never really lived."

„Það sem kemur mér mest á óvarn mannlegri tilveru er að maðurinn fór heilsu sinni til að eignast peninga. Svo fórnar hann peningunum til að ná aftur heilsu sinni. Á sama tíma er hann svo spenntur fyrir framtíð sinni að hann nýtur ekki augnabliksins. Afleiðingin er sú að hann lifir hvorki í nútíð né framtíð. Og hann lifir eins og hann muni aldrei deyja – og svo deyr hann án þess að hafa lifað í raun“





Ársfundur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fór fram þann 20. september sl. og sat sveitarstjóri fundinn f.h. Dalabyggðar. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og framlög úr honum eru Dalabyggð afar mikilvæg og er vonandi að sú umræðu sem nú er í gangi varðandi breytingar á úthlutunum sjóðsins verði ekki til þess að hlutur Dalabyggðar skerðist verulega. Ljóst er að umræða um Jöfnunarsjóðinn verður tekinn á Alþingi á yfirstandandi þingi að óbreyttu. Sveitarstjórn Dalabyggðar sendi ítarlega umsögn um framkomin drög/tillögur að breytingum og vonandi verður til þeirrar umsagnar horft.



Þann 21. september sl. strandaði hvalur á grynningum í Gilsfirði. Mikill viðbúnaður varð og bjargaðist hvalurinn góðu heilli. Tveimur dögum síðar strandaði annar hvalur á svipuðum slóðum, reyndar utan lögsögu Dalabyggðar, en engu að síður voru ansi margir íbúar Dalabyggðar kallaðir til aðstoðar á einn eða annan hátt og þá helst björgunarsveitarfólkið okkar knáa. Það má segja að það hafi verið lán að enginn af þeim sem komu að þessum aðgerðum hafi meiðst því hér er um gríðar stór dýr að ræða og í einhverjum tilvikum ekki gæf. Einnig vil ég nefna að það þolir að mínu mati alla umræðu hvenær umræða og aðgerðir í anda dýravelferðar fara að snúast upp í andhverfu sína á svo ýmsan hátt og einnig það að allskonar afleiddur kostnaður í kringum aðgerðir eins og þær sem gripið var til hleypur á milljónum króna, beint og óbeint ef tekið er tillit til alls.



Þann 22. september sl. kom upp grunur um að gæði vatns í vatnsveitu Dalabyggðar stæðist ekki gæðakröfur eftir að Heilbrigðiseftirlitið tók sýni í veitunni. Voru íbúar af þeim sökum beðnir um að sjóða allt vatn áður en þess var neytt og var sú ákvörðun tekin í ljósi allra öryggissjónarmiða. Við endurtekna sýnatöku kom í ljós að sá ótti var sem betur fer ástæðulaus og vatnið okkar hreint. Það skiptir miklu að svo hafi reynst, bæði fyrir okkur íbúa sem og matvælafyrirtækin okkar mikilvægu.

Undirritaður varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að afhenda viðurkenningar fyrir Bókabingó sem bókasafnið okkar í Dalabyggð stóð fyrir í sumar. Það voru ungir, duglegri lestrahestar sem tóku á móti viðurkenningum við stutta athöfn hér niður í bókasafni þann 28. september sl.







Mynd úr versluninni skömmu eftir opnun vorið 2020. Ljósmynd úr safni.

## Skora á Samkaup að endurmeta legund verslunar í Döllum

Stjórn Dalabyggðar samþykkti í síðustu viku áskorun til stjórnar og stjórnenda Samkaupa um að taka til endurskoðunar rekstrarform matvöruverslunar í byrjun leiddi vorið 2020 til mikillar hokklunar á matvöruverði og við þe

Fyrirtæki ætту aldrei að fá að komast upp með svona tilburði í skjóli fákeppni eða fjarlægðarverndar. Annað hvort sýna þau viðskiptavinum sínum tilhlýðilega virðingu með því að fara að óskum þeirra, eða þau hætta rekstri og hleypa öðrum að sviðinu. Ég leyfi mér að vitna aftur í ályktun sveitarstjórnar, því hún er býsna vel orðuð: „Búðardalur er þannig í sveit settur að landsbyggðarfyrirtæki eins og Samkaup, með bakland í kaupfélögunum á hverju starfssvæði, á að sjá tækifærin í því að færa vöruna nær viðskiptavinum sínum á ásættanlegum kjörum og stuðla þar með að minnkandi umferð um misgóða vegi á landsbyggðinni og gera þannig betur við sína viðskiptavini í sínu nærumhverfi. Dalirnir eru magnað svæði, vinalagt samfélag í sókn en ýmsa þætti innviða þarf að efla og þar skiptir dagvöruverslun, vöruframboð og verðlag miklu máli.“ Og hafði það!

*Magnús Magnússon*

Undirritaður, ásamt fulltrúum sveitarstjórnar, hefur átt í samskiptum við forstjóra Samkaupa undanfarið í kjölfar þess að sveitarstjórn samþykkti einum rómi á síðasta fundi sínum áskorun til stjórnar og stjórnenda Samkaupa um að vöruverð og vöruúrval í dagvöruverslun fyrirtækisins hér í Dalabyggð yrði endurskoðað. Í svari sem barst frá fyrirtækinu var það útlistað að fyrirtækið sæi sér ekki fært að verða við ósk okkar en bauð upp á fund með sveitarstjórn til að fara yfir málið. Var sá fundur haldinn í gær, þann 11. október, og var til umræðu hér fyrir á fundinum. Að mati undirritaðs má ljóst vera að forráðamenn Samkaupa taka ákall okkur um úrbætur alvarlega en ekkert er í hendi enn sem komið er. Fróðlegt verður að sjá næsta útspil fyrirtækisins.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá þá athygli sem fjölmiðlar hafa sýnt þessari baráttu okkar og t.a.m. gerði ritstjóri Skessuhorns þetta málefni að umfjöllunarefni í ritstjórapistli sínum fyrir stuttu.

Fundur með Alþingismönnum NV-kjördæmis fór fram á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þann 3. október sl. Á fundinum fóru fulltrúar sveitarfélaganna yfir helstu áherslur sínar í ýmsum verkefnum. Efst á baugi voru samgöngumál, orkumál, fjarskipti, heilbrigðis- og öldrunarþjónusta, málefni fatlaðra, löggæsla, velferð barna og fleiri mikilvæg mál. Það er ljóst að framundan eru ýmis stór verkefni þar sem máli skiptir að unnið verði af einurð að ýmsum mikilvægum hagsmunamálum Vestlendinga. Því er mikilvægt að sveitarstjórnarfolk og þingmenn stilli saman strengi og fundir sem þessi nýtast vel til þess.







Góð mæting var á Haustþing SSV 2023 sem fór fram í Reykholti nýverið. Hátt í 60 manns tóku þátt, þar af 4 fulltrúar frá Dalabyggð. Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-orku og loftlagsmálaráðherra ávarpið þingið og átti gott samtal við þingfulltrúa um það sem efst er á baugi í hans ráðuneyti. Þá heimsóttu þau Heiða Björk Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Arnar Þór Sævarsson nýr framkvæmdastjóri Sambandsins, Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri innviðaráðuneytisins og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir sérfræðingur í ráðuneytinu þingið og fóru yfir stöðuna í byggða- og sveitarstjórnarmálum og öðrum helstu verkefnum sem framundan eru á þeirra vettvangi. Þema þingsins voru menntmál undir yfirskriftinni Skólakerfi á krossgötum. Hlédís Sveinsdóttir stýrði umræðum þar sem Áslaug Hulda aðstoðarmaður ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, Ragnheiður Þórarinsdóttir rektor LBHÍ, Signý Óskarsdóttir ráðgjafi og Ingvi Hrannar Ómarsson sérfræðingur í mennta og barnamálaráðuneytinu svöruð yfirskrift þingsins í skemmtilegu samtali við þingfulltrúa.

Aðalstörf þingsins voru venju samkvæmt að álykta um ýmis hagsmunamál sveitarfélaganna á Vesturlandi og marka Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi áherslur og stefnu fyrir komandi starfsár.








Undirritaður sat sl. föstudag fund í Stykkishólmi sem haldinn var af frumkvæði Vegagerðarinnar þar sem til umfjöllunar voru vinnugögn sem Vegagerðin vinnur nú með í tengslum við endurskoðun á þeim reglum sem gilda um vetrarþjónustu, snjómokstur og hálkuvörn. Fundurinn var góður og mikilvægt að Vegagerðin skuli opna á samtal sem þetta. Þátttakendur voru fulltrúar sveitarfélaga og eins atvinnulífsins, t.a.m. fulltrúar flutningsaðila.





Verkefnið „Gott að eldast“, á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og Félagsmálaráðuneytisins er að komast á skrið og nú fyrir stuttu var tilkynnt um hvaða verkefni fengu brautargengi til að taka þátt í þróunarverkefnum. Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög munu taka þátt í þróunarverkefnum sem ganga út á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið auglýstu í sumar eftir slíku samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir. Áhugi fyrir þátttöku var mikill og hvorki fleiri né færri en 19 umsóknir bárust. Þróunarverkefni eru hluti af aðgerðaáætluninni „Gott að eldast“ en með henni taka stjórnvöld utan um þjónustu við eldra fólk með nýjum hætti.

Markmið þróunarverkefnanna er að finna góðar lausnir á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Dalabyggð, í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Heilbrigðisstofnun Vesturlands er eitt af þeim 6 verkefnum sem var fyrir valinu og verður spennandi að taka þátt í verkefninu með samstarfsfólki okkar í málaflokknum á Vesturlandi.





- Í gær, þann 11. október, var haldin á vegum Íslandsstofu vinnustofa með yfirskriftinni „Útflutningstækifæri á Vesturlandi“. Við vorum þrjú sem mættum á fundinn héðan úr Dalabyggð sem var bæði fróðlegur og ekki síður gagnlegur inn í umræðu okkar um tækifæri okkar til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi og einnig er ljóst að það eru möguleikar á samtali og ráðgjöf frá Íslandsstofu þannig að það var að mínu mati gagnlegt að taka þátt í þessu ágæta samtali.





Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt. Saman og samhent getum við meira og betur – göngum í takt – okkur, samfélaginu og Dalabyggð til heilla !

BBP – 12/10/2023